

Nd.

652. Nefndarálit

[221. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 2 1. febr. 1980, um breyt. á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur haft þetta frv. til athugunar og leitað umsagnar nokkurra aðila um efni þess. Nefndin klotnaði í afstöðu sinni til málsins. Minni hl. nefndarinnar skilar séráliti og vill samþykkja frv.

Við endurskoðun á sjóðakerfi sjávarútvegsins á árunum 1975—76, sem tók gildi frá 16. febrúar 1976, náðist viðtæk samvinna aðila í sjávarútvegi um að samræma útflutningsgjald af sjávarafurðum á þá leið að greitt væri sama útflutningsgjald af öllum tegundum sjávarafurða.

Hlutverk verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins er að draga úr áhrifum verðsveiflna er verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins.

Þetta frv. gengur þvert á þá stefnu, sem mörkuð var við endurskoðun sjóðakerfisins um samræmingu útflutningsgjalds, og er í hrópandi mótsögn við hlutverk verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Við teljum frv. þetta ranglátt og verða til þess að rífa niður það sem hefur verið byggt upp á löngum tíma. Því leggjum við til að frv. verði fellt.

Alþingi, 13. apríl 1981.

Matthías Bjarnason,
frsm.

Halldór Blöndal.

Pétur Sigurðsson.

Karvel Pálmason.